


Til að tengja saman við Ysia Zigbee fjarstýringu þarf að:


1. Kveiktu á Mótornum með því að tengja hann við hleðslutæki eða ýta á forritunarhnapp með símapinna.



Ef mótórin blikkar ekki amber gulu, **Haldið þá niðri forritunarhnapp í 3 sec þar til mótór juglar upp & niður** og þá fer hann að blikka gulu sem merkir að hann sé í forritunarham.




2. Passið að fjarstýring sé ekki í meira en 1,5M fjarlægð frá mótornum og athugið að einungis er hægt að forrita einn mótór á hverja rás.



3. Veljið rás sem á að nota á fjarstýringu og ýtið nokkrum sinnum samtímis á Upp og niður hnapp á fjarstýringu. (fjarstýringin blikkar þá amber gulu og svo grænu 1x í hvert skipti sem ýtt er á upp & niður samtímis) Þegar mótörinn hefur fundið fjarstýringuna ætti hann að hreyfast upp og niður 1x og þá hættir hann að blikka amber gulu (getur tekið ca. 60-120 sek)

Athugið að ef mótörinn hreyfist ekki upp & niður þá hefur þetta ekki tekist og þarf að endurtaka ferlið.




4. Athugið að snúningsáttin sé rétt og breytið henni ef hún er röng með eftirfarandi:

Ýtið á örðina Upp til að kanna snúningsáttina, ef mótörinn fer þá niður haldið þá inni My hnapp á fjarstýringunni í 2 sec þar til mótörinn juglar upp og niður og þá er snúningsáttinni breytt.



5. Haldið niðri niður örinni þar til gardínan nær réttri neðri stöðu.



6. Ýttu stuttlega á Upp örina og MY til að vista neðri endastöðu.



7. Ýttu og haltu inni örinni upp þar til gardínan er kominn í efri endastöðu.



8. Ýttu stuttlega á örina niður og MY til að vista efri endastöðu.



9. Ýttu stuttlega á programming hnapp aftan á fjarstýringunni til að loka forritun og para mótórin við fjarstýringuna. (mótórin ætti þá að jugla 1x upp niður)



Hvernig stilli ég My stillinguna á fjarstýringunni fyrir uppáhaldsstöðu ?

1. Veljið rétta rás fyrir þann mótör sem á að stilla. (ef þú ert með margra rása fjarstýringu)
 2. Ýtið á upp eða niður til að færa gardínuna í þá stöðu sem þið viljið vista sem uppáhald og ýtið á MY til að stöðva.
 3. Haldið inni MY hnappnum á fjarstýringunni þar til mótörinn juglar upp niður (ca 15 sec)
 4. Ýtið á upp eða niður þar til mótörinn er kominn í efstu eða neðstu stöðu og ýtið þá snögg 2x á MY hnappinn til að vista.
- Til að gardínan keyri í uppáhaldsstillingu er svo ýtt 2x á MY hnappinn.



Hvernig breyti ég efri/neðri stöðu eftirá ?

1. Veljið rétta rás á fjarstýringu og verið viss um að mótörinn sé hlaðinn.
2. Haldið inni PROG hnapp á fjarstýringu í 3 sec, mótörinn ætti þá að jugla upp/niður 1x.
3. Haldið fjarstýringu nálægt mótörnum sem á að stilla og ýtið á upp og niður samtímis nokkrum sinnum og bíðið þar til gardínan juglar 1x upp/niður.
4. Haldið inni niður örinn þar til að gardínan nálgast þá stöðu sem þið viljið stilla og ýtið þá á MY og UPP til að vista (mótörinn juglar þá upp/niður 1x.
5. Haldið næst inni örinni upp þar til mótörinn nálgast efri stöðu sem þið viljið vista og ýtið þá á My og örina niður til að vista.
6. Ýtið nokkrum stinum stutt á prog hnapp á fjarstýringu til að loka forritinu (mótörinn juglar þá 1x upp/niður.



Hvernig á að Factory resetta fjarstýringuna ?

1. Haldið inni Prog hnapp á fjarstýringu í 15 sec eða þar til að það blikkar rautt ljós 3x framan á fjarstýringunni, Að þessu loknu fer fjarstýringiní programming mode í 3 mín.



Hvernig á að Factory resetta Mótorinn ?

1. Haldið inni Prog hnapp á mótór í 15 sec þá ætti mótorinn að jugla upp/niður 3x. Að þessu loknu fer mótorinn í programming mode í 3 mín.

